

From: [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)
To: [Grímsnes- og Grafningshreppur](#)
Subject: Erindi til sveitarstjórnar
Date: fimmtudagur, 1. febrúar 2024 18:04:05

Svar barst: 01.02.2024 18:03

<https://www.gogg.is/is/moya/formbuilder/submission/view/812>

Dagsetning:

01.02.2024

Nafn:

Verslunin Borg

Netfang:

midnightspecialcup@gmail.com

Sími:

5517509

Erindi:

Góðan dag. Verslunin Borg opnaði aftur í desember 2019 eftir að hafa verið lokað um 9 mánaða skeið en eins og flestir muna þá var það bara korter í covid eins og við segjum svo oft. Við erum eins og undanfarna vetur að berjast dálítið í bökkum sökum þess að sá langi hali af skuldum sem varð til á þeim árum sem Covid herjaði á okkur íþyngir okkur meir og meir á hverjum vetri og það verður sífellt erfiðara að semja um skuldir fyrirtækisins. Við erum þessa dagana í nauðarsamningum við flesta af okkar birgjum og njótum við aðstoðar góðhjarta lögfræðings (já þeir eru til). Þeir birgjar sem eru búnir að svara hafa allir tekið vel í erindi okkar og hafa fallist á að fella niður hluta af skuldunum, sumir allt að 60%. En það þýðir að eftir stendur talsvert sem standa þarf skil á. Við höfðum samband við Landsbankann sem er viðskiptabankinn okkar (sem við nota bene skuldum ekki neitt) en þeir voru eingöngu til í að veita okkur yfirdrátt fyrir 40% af því sem við fórum fram á en það er bara alltof dýrt lán að okkar mati og höfum við því leitað á náðir Íslandsbanka í þeirri von að okkur verði betur tekið þar. Fyrirtækið var rekið með hagnaði árið 2022 og árið 2023 var það langbesta frá því að við opnuðum 2019. Ástæða okkar fyrir þessu erindi er að athuga hvort sveitafélagið sjái sér fært að veita versluninni einhvern styrk svo ekki þurfi að koma til lokunnar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að á einhverjum tímamarki mun koma önnur verslun í því nýja hverfi sem nú er hafin vinna við vestan við sundlauginna og að þá verði lítið fyrir okkur að gera annað en að loka en þangað til finnst okkur að það verði að vera verslun hér á þessu fallega svæði. Ég, Sigurjón Ragnarsson, og Björg Ragnarsdóttir systir mín erum þannig þenkjandi að þó svo að við séum ekki með neinar skuldbindingar í fyrirtækinu og gætum labbað út ef því væri að skipta þá getum við ekki hugsað okkur að gera neitt slíkt. Með fyrirfram þökk. Virðingarfyllst fyrir hönd Verslunarinnna Borgar Sigurjón Ragnarsson